



Reykjavík, 4. maí 2026

VEL25090075

UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Umsögn við tillögu fulltrúa Framsóknarflokks um þrepaskipt úrræði fyrir fólk með alvarlegan geð- og fíknivanda

Þann 17. september 2025 lagði fulltrúi Framsóknarflokksins fram í velferðarráði svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að velferðarsviði verði falið að vinna tillögu að þrepaskiptu úrræði fyrir einstaklinga með alvarlegan geð- og fíknivanda. Tillögunni skal fylgja kostnaðarmat og greining á forsendum úrræðisins.

Umsögn:

Reykjavíkurborg tók yfir búsetuþjónustu við geðfatlaða einstaklinga á grundvelli svonefnds Straumhvarfaverkefnis árið 2008. Íbúar í geðkjörnum fyrstu árin voru almennt ekki í neyslu fíkniefna. Stofnaðir voru tveir svonefndir tvígreiningarkjarnar fyrir einstaklinga sem voru með alvarlega geðsjúkdóma og áttu sögu um neyslu en voru óvirkir. Staðan nú er þannig að af 186 íbúum í geðkjörnum og húsnæði með stuðningi í Reykjavík eru 65 einstaklingar með tvígreiningar. Þessi aukning hefur gert starf innan geðkjarnanna flóknara en áður og aukið álag bæði á aðra íbúa og starfsfólk auk þess sem tíðni alvarlegra atvika hefur aukist.

Sé litið til biðlista eftir húsnæði fyrir geðfatlaða einstaklinga þá er orðin undantekning ef viðkomandi er ekki í neyslu. Velferðarsvið telur að þrepaskipt búsetuþjónusta myndi gagnast einstaklingum með tvígreiningar. Með þrepaskiptri búsetu er átt við skammtímabúsetu allt að tveimur til þremur árum þar sem einstaklingur fær stuðning og þörf fyrir framtíðarbúsetu er metin.

Skrifstofa málefna fatlaðs fólks sótti um og fékk styrk árið 2023 að upphæð 30 m.kr. frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að móta og þróa stuðning við tvígreindra einstaklinga. Það verkefni hófst í febrúar 2024 og er enn í vinnslu. Meðal tillagna starfshópsins er að stefna borgarinnar feli í sér skaðaminnkandi hugmyndafræði í stuðningi við fatlað fólk með vímuefnavanda.

Forsendur þrepaskiptrar búsetu eru fjármagn í rekstur, heimildir til aðgangsstýringar og húsnæði sem hentar starfseminni. Auk þess væri æskilegt að hægt væri að úthluta einstaklingum tímabundið húsnæði en ekki ótímabundið líkt og er í dag. Einnig er mikilvægt að tryggja heimild til að draga úr leigukostnað vegna húsnæðis af örorkubótum notenda, með þessu móti væri hægt að koma í veg fyrir að einstaklingar missi húsnæði vegna vangoldinnar leigu og þannig tryggja litlum hópi fatlaðs fólks þau nauðsynlegu mannréttindi að halda þaki yfir höfuðið.



Reykjavík



Gera má ráð fyrir að kostnaður við slíkt úrræði væri gróflega reiknað allt að 316 m.kr. á ársgrundvelli. Ef taka á húsnæði sem hýst hefur herbergjasambýli og nýta í búsetuþjónustu fyrir einstaklinga með flóknar og krefjandi stuðningsþarfir á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og sem skora hátt í áhættumati þarf að huga sérstaklega að skipulagi húsnæðisins, tryggja einkarými og takmarka sameiginleg rými. Með þessu væri verið að hámarka öryggi allra, bæði íbúa og starfsfólks. Einnig þarf að huga að staðsetningu húsnæðisins m.t.t. nærumhverfis. Við kostnaðargreiningu er hægt að stilla upp mönnunarmódeli sem ætti að gefa raunhæfa mynd af kostnaði við reksturinn.

Öðru máli gegnir um kostnað við breytingar á húsnæði, hann getur verið mjög breytilegur eftir því um hvaða hús er að ræða. Það er þörf á stigskiptu úrræði þar sem einstaklingar hefðu gott einkarými og sér baðherbergisaðstöðu.

Kostnaður m.v. sjö einstaklinga í þjónustuflokki IV í húsnæði fyrir geðfatlaða með tveimur næturvöktum í rekstri velferðarsviðs nemur á ársgrundvelli 316 m.kr.

